



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. formanns
Strandgata 6

Hafnarfjörður 3. mars 2023
Málsnúmer 2302545

Viðreisn lagði fram fyrirspurn á fundi fjölskylduráðs þann 21. febrúar sl. um hvernig eftirliti á einkareknum fyrirtækjum, sem sinna þjónustu við börn með fjölþættan vanda, væri háttað.

Spurningar Viðreisnar eru í átta liðum og er þeim svarað í þeirri röð.

1. Hver ber ábyrgð á því að skjólstæðingar Hafnarfjarðarbæjar fái þjónustu við hæfi hjá þeim fyrirtækjum sem sinna börnum með fjölþættan vanda?

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar ber ábyrgð á því að skjólstæðingar sviðsins fái þjónustu við hæfi. Þegar teknar eru ákvarðanir um þjónustu er tekið mið af þeim lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum sem í gildi eru. Á höfuðborgarsvæðinu eru tvö einkarekin úrræði sem sérhæfa sig í búsetuúrræðum fyrir börn með fjölþættan vanda, Klettabær og Vinakot. Á þeim stöðum dvelja börn og ungmenni sem ekki geta búið heima vegna flókins og fjölþættis vanda og þurfa fjölþætta þjónustu til skamms eða lengri tíma. Sveitarfélögin fela þessum aðilum að veita þjónustu með þjónustusamningi á grundvelli 6. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Hvers konar menntunarkröfur eru gerðar til starfsfólks þeirra fyrirtækja sem veita börnum með fjölþættan vanda viðeigandi meðferð og aðstoð?

Einkarekin fyrirtæki sem veita þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks og á grundvelli barnaverndarlaga þurfa að hafa rekstraleyfi. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sem starfar samkvæmt lögum nr. 88/2021 gefur út slík leyfi og er stofnuninni falið að hafa eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli ofangreindra laga. Þar er kveðið á um að leyfi séu veitt ef umsækjandi rekstrarleyfis geti sýnt fram á að geta veitt þjónustu sem er örugg og í samræmi við sett gæðaviðmið, t.d. menntun og hæfis starfsfólks. Klettabær og Vinkot eiga, á grundvelli rekstrarleyfis að geta mætt þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar og bera ábyrgð á því að hafa til þess hæft starfsfólk.

3. Ber fyrirtækjunum að sýna fram á og skila inn öryggisáætlunum? Ef já, hver á vegum Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á því að yfirfara og veita eftirlit með því hvort slíkum öryggisáætlunum sé framfylgt af hálfu viðkomandi fyrirtækja?

Þau fyrirtæki sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála eiga að vera með virkt innra eftirlit með starfsemi sinni. Þetta á t.d. við um eigið eldvarnareftirlit og eftirliti á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það felur m.a. í sér að fyrirtækið geri áætlun um öryggi og heilbrigði starfsmanna, áhættumat og skipan öryggisfulltrúa og öryggistrúnaðarmanna.



Hafnarfjörður

4. **Ber fyrirtækjunum að fara eftir kröfum um aðbúnað, öryggi og aðstæður skjólstæðinga sinna? Ef já, hver á vegum Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á því að yfirfara og veita eftirlit með því hvort slíkum kröfum sé framfylgt af hálfu viðkomandi fyrirtækja?**

Þegar sveitarfélag gerir samning við fyrirtæki um þjónustu liggur fyrir mat á stuðningsþörf viðkomandi skjólstæðings. Fyrirtækinu ber að veita þjónustu í samræmi við það mat, enda má ætla að tilboð fyrirtækisins um kostnað sé í samræmi við kröfur sveitarfélagsins um þjónustu. Í lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er í þriðja kafla sérstaklega kveðið á um eftirlit, og að allir þeir sem lúta eftirliti stofnunarinnar beri að tilkynna stofnuninni án tafar um alvarleg óvænt atvik. Þá hefur Gæða- og eftirlitsstofnun eftirlit með gæðum þjónustunnar að eigin frumkvæði ef tilefni er til t.a.m. á grundvelli áhættumats eða vegna ábendinga.

5. **Hvernig er eftirliti frá Hafnarfjarðarbæ háttað, hvað varðar þjónustu og aðstæður skjólstæðinga viðkomandi fyrirtækja?**

Einstaklingar, börn og fullorðnir sem hafa þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma eiga að hafa málstjóra í sínu sveitarfélagi. Hlutverk málstjóra er að samræma þarfir og vinnu ólíkra aðila sem koma að þjónustu við skjólstæðing. Málstjóri sér til þess að faglegur stjórnandi hjá fyrirtækinu fái allar þær upplýsingar sem þörf er á til að geta sinnt þjónustu við skjólstæðing með fullnægjandi hætti. Þá metur hann aðstæður og hittir skjólstæðing reglulega. Málstjóri er jafnframt tengill fyrirtækisins vegna málefna viðkomandi skjólstæðings og á samkvæmt því að eiga í reglulegu samtali við faglegan stjórnanda þess. Fyrirtækið þarf að skila einstaklingsáætlun til málstjóra til yfirferðar.

6. **Hver ber ábyrgð á eftirliti með fjármunum bæjarbúa sem er varið í kaup á þjónustu þessara fyrirtækja; að reglubundnu eftirliti sé sinnt og fylgst með því að fyrirtækin séu að veita þá þjónustu sem bærinn er raunverulega að kaupa af þeim?**

Þegar kemur að ákvörðunum um að nýta úrræði einkafyrirtækja hafa í flestum tilvikum öll önnur úrræði verið reynd og mál viðkomandi verið unnin í mörgum kerfum. Kostnaður einkarekinna úrræða er stór þáttur í umræðu um stuðning við einstaklinga með fjölþættan vanda og hafa ríki og sveitarfélög ekki komist að niðurstöðu um kostnaðarskiptingu. Sveitarfélögin hafa verið að taka við þessum málum á grundvelli laga, á sama tíma og reynt er að ná samtali og samkomulagi við ríkið.

Það er sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri sviðsins og kemur hann að afgreiðslu þessara mála. Með eftirlit þá er vísað í svörin hér að ofan.

7. **Hvernig er því eftirliti háttað?**

Sjá hér að ofan.

8. **Að lokum: Í umræðunni síðustu mánuði hefur komið fram ólík sýn á ábyrgð vegna öryggisbrests í einstaka máli, en þar var um að ræða einstakling sem átti að vera í öryggisgæslu hjá fyrirtæki sem sinnir þjónustu við börn með fjölþættan vanda, en viðkomandi reyndist svo ekki vera í slíkri öryggisgæslu.**

Þeir skjólstæðingar sem hafa nýtt úrræði fyrirtækja hafa verið vistaðir þar á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eða á grundvelli barnaverndarlaga.



Hafnarfjörður

Þeir einstaklingar sem þurfa á öryggisvistun hafa til þessa verið dæmdir til að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli hegningarlaga, sem er á ábyrgð ríkisins.

a. Var Hafnarfjarðarbær að greiða aukalega fyrir öryggisgæslu hjá viðkomandi fyrirtæki?

Mat á stuðningsþörf skjólstæðings felur meðal annars í sér mat á mönnunarpörf í tilteknum aðstæðum. Hafnarfjarðarbær hefur, þegar slíkt telst nauðsynlegt, samið um tvöfalda mönnun með skjólstæðingum sem nýta úrræði einkafyrirtækja.

b. Hvar liggur ábyrgðin þegar öryggisferlum er ekki fylgt, eins og raunin var í þessu tilfelli. Er það viðkomandi fyrirtæki sem Hafnarfjörður kaupir þjónustuna af eða ber Hafnarfjarðarbær ábyrgðin.

Sveitarfélög bera ríka ábyrgð á skjólstæðingum sínum, og þá sér í lagi þegar um er að ræða stuðning á grundvelli laga um þjónustu við faltað fólk og barnaverndarlaga. Með því að útvista slíkri þjónustu þarf að vera til staðar samningur sem kveður á um ábyrgð og skyldur aðila. Ef öryggisferlum sem tilgreindir eru í samningi, er ekki fylgt eftir, ber viðkomandi fyrirtæki ábyrgð á þeim misbrestum sem verða.

Að lokum má geta þess að sveitarfélögin í kraganum hafa verið að vinna sameignlega að gerð kröfulýsinga fyrir einkarekin fyrirtæki sem sinna velferðarþjónustu m.a. vegna tilmæla Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar. Með kröfulýsingu setur sveitafélagið fram lágmarkskröfur um hlutverk og markmið starfseminnar, annarsvegar kröfulýsingu vegna þjónustu við börn 17 ára og yngri og hinsvegar vegna þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri. Þá vinna sveitarfélögin að því að samræma samninga sem sveitarfélögin gera við einkaaðila. Áætlað er að þessari vinnu ljúki á næstu mánuðum og verða gögnin lögð fram í fjölskylduráði til upplýsinga.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fylgiskjöl:

1. Úttekt á búsetuúrræðum og hvíldardvöl Klettabæjar sjá slóð;
<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/GEF/%c3%9attekta%20c3%a1%20Klettab%c3%a6%202021.pdf>
2. Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021m sjá slóð:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021088.html>
3. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sjá slóð;
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018038.html>



Hafnarfjörður

4. Barnaverndarlög nr. 80/2002 sjá slóð; <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>